

Alþingi
Erindi nr. P 143/496
komudagur 3.12.2013

Umhverfis- og samgöngunefnd
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.
Skuggasundi 1
150 Reykjavík



**Umsögn Landssamtaka hjólréiðamanna vegna
frumvarps til laga um náttúruvernd (brottfall laganna),
167. mál.**

Um Landssamtök hjólréiðamanna (LHM)

Landssamtök hjólréiðamanna eru heildarsamtök hjólréiðafélaga á Íslandi. Landssamtökin eru aðildarfélag að European Cyclists' Federation, sem eru heildarsamtök fyrir hjólréiðafélög til samgangna og ferðalaga í Evrópu.

Umsögn

Þrátt fyrir að LHM hafi verið ósátt við nokkur atriði í frumvarpi þáverandi umhverfisráðherra til nýrra Náttúruverndarlaga nú í vor, þá tókst að sníða suma af agnúunum af í meðferð þingsins. Hins vegar vegur sú réttarbót, sem fólst í styrkingu almennaréttarins, það mikið að samtökin telja óráð að afnema lög in heild sinni, heldur þarf eingöngu að færa 19. grein (umferð hjólréiðamanna) í fyrra horf með því að fella 2. mgr. 19. gr. niður. Í raun gangi núverandi lög, ef eitthvað er, óþarflega skammt þegar kemur að almennaréttinum, en góður og skýr almennaréttur á að geta forðað okkur frá umræðu um það hverjir séu verðugir þess að eiga land á Íslandi, og hverjir ekki.

Vilji menn hins vegar ganga lengra í þeim málum, eru núverandi lög mun betri grunnur til að byggja á en eldri lög.

LHM leggjast því gegn frumvarpinu.

Reykjavík, 3. desember 2013

Fyrir hönd stjórnar LHM

Haukur Eggertsson
formaður laganeftndar